



REGLUGERÐ

Um framkvæmd móta

1. gr.

Um framkvæmd móta á mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaganna þess gilda þær reglur sem IIHF setur, auk þeirra sérákvæða sem gilda hjá ÍHÍ.

2. gr.

- a) Íslandsmót í meistaraflokki skal vera samkvæmt reglugerð sem er staðfest af íshokkíþingi. Mótið er opið öllum aðildarfélögum ÍHÍ og skal draga um röð leikja að viðstöddum fulltrúum allra félaga sem æskja þátttöku. Mótanefnd skal tilkynna aðildarfélögum með 2 vikna fyrirvara um hvar og hvenær dregið verður um leikjaröð og hafa þau þá tólf daga frest til að skrá lið til keppni.
- b) Leikmenn fái númeri úthlutað við upphaf tímabils sem þeir haldi allt tímabilið. Greiða skal til ÍHÍ þátttökugjald fyrir hvert lið sem skráð er til keppni. Gjald þetta skal ákvarðað af stjórn ÍHÍ fyrir hvert tímabil og skal vera í samræmi við umfang mótsins.
- c) Íslandsmót í barna- og unglingsflokki skal vera samkvæmt ákvörðun mótanefndar ÍHÍ samkvæmt aldursflokkaniðurröðun. Framkvæmd þess skal falin einu af aðildarfélagi innan ÍHÍ þannig að allir séu jafnt settir.
- d) Aldursflokkar barna og unglinga eru:
 - U20, einstaklingar upp að 20 ára.
 - U18, einstaklingar upp að 18 ára.
 - U17, einstaklingar upp að 17 ára.
 - U16, einstaklingar upp að 16 ára.
 - U15, einstaklingar upp að 15 ára.
 - U14, einstaklingar upp að 14 ára.
 - U13, einstaklingar upp að 13 ára.
 - U12, einstaklingar upp að 12 ára.
 - U10, einstaklingar upp að 10 ára.
 - U8, einstaklingar upp að 8 ára.

Samkvæmt fæðingarári, stjórn ÍHÍ gefur út nánari leiðbeiningar í upphafi hvers keppnistímabils.



3. gr.

Allir leikir skulu leiknir samkvæmt reglum IIHF með eftirfarandi undantekningum:

- a) Heimilt er að stytta leiktíma í unglingsflokkum.
- b) Allir leikmenn í mótum á vegum ÍHÍ, undir 20 ára skulu hafa hálsklífar af viðurkenndri gerð.
- c) Í U12 og yngri er ekki keppt til verðlaunasæta. Leiktími skiptist jafnt á alla leikmenn hvers liðs og allir fá samskonar viðurkenningar.

4. gr.

Framkvæmdaaðili leikja er ábyrgur fyrir að fjöldi starfsmanna á leik sé í samræmi við reglur. Verði félag uppvíst að því að hafa ekki tiltækan nægan fjölda starfsmanna við upphaf leiks skal dómari gera um það athugasemd á leikskýrslu og skal þá aganefnd sekta viðkomandi félag um kr. 20.000.

5. gr.

Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndaraðila heimaliðs sem jafnframt er mótstjóri. Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

6. gr.

Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð.

7. gr.

Mótsstjórnin ber ábyrgð á því að leikskýrslur og fundargerðir mótsstjórnarinnar berist mótanefnd og stjórn ÍHÍ innan 2ja vikna frá því að móti lýkur.

8. gr.

Stjórn ÍHÍ hefur heimild til þess að sameina íslandsmót í tveimur eða fleiri flokkum.

Samþykkt á Íshokkiþingi, 11. maí 2019.